



Rannsóknastöð skógræktar, Mógilsá  
116 Reykjavík  
Mógilsá

Landbúnaðarnefnd Alþingis,  
b.t. Nefndarsviðs Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

**Málefni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um trjáræktarsetur sjávarbyggða.  
Þskj. 51 - 51. mál. 133. löggjafarþing 2006-2007.**

Með bréfi dagsettu 12. febrúar s.l. óskaði Landbúnaðarnefnd Alþingis eftir umsögn Rannsóknastöðvar skógræktar, Mógilsá um tillögu til þingsályktunar um trjáræktarsetur sjávarbyggða, 51. mál. 133. löggjafarþing 2006-2007.

Umsögn Rannsóknastöðvar skógræktar, Mógilsá:

Rannsóknastöð skógræktar, Mógilsá styður eindregið að stofnað verði trjáræktarsetur sjávarbyggða í Vestmannaeyjum. Með stofnun setursins skapast mikilvæg tækifæri til rannsókna og nánara samstarfs við nærsvæði Íslands á sviði skóg- og trjáræktar. Viðfangsefni setursins eins og þeim er lýst í þingsályktunartillögunni myndu styrkja og bæta við rannsóknir sem nú eru stundaðar hjá Rannsóknastöð skógræktar, Mógilsá.

Það er mikilvægt nýmæli að trjáræktarsetrinu er ætlað að þjóna auk Íslands nærsvæðum landsins við norðanvert Atlantshaf. Með þessu er eftt samstarfið á Vestur-Norðurlöndum og byggt á þeim áherslum sem Ísland setti á oddinn í formennskutið sinni í Norrænu ráðherranefndinni 2004, um að styrkja samstarfið við grannsvæðin í vestri. Um leið opnast tækifæri í rannsóknum og miðlun þekkingar sem hingað til hafa verið torsótt og flókin í framkvæmd. Þannig má líta svo á að allt svæðið verði einn heimamarkaður fyrir rannsóknir og þekkingarmiðlun á starfssviði trjáræktarsetursins. Fjármögnun og framkvæmd samstarfsverkefna á Norður-Atlantshafssvæðinu yrði mun einfaldari en nú. Í því felast mikil tækifæri fyrir íslenskar skóg- og trjáræktarrannsóknir og fyrir uppbyggingu þekkingar á þessu sviði á nærsvæðum landsins. Sem dæmi má taka að unnt verður að hafa samanburðartilraunir á öllu svæðinu á svipaðan hátt og hér innanlands. Það eitt getur reynst afar þýðingarmikið fyrir íslenska skógrækt þar sem spár um loftslagsbreytingar á næstu áratugum benda til að veðurfar hér á landi nálgist núverandi skilyrði í Færeyjum, Hjaltlandi, Orkneyjum, Suðureyjum og Skotlandi.

Sumarið 1988 sendi Rannsóknastöð skógræktar þá Þorberg H. Jónsson og Jóhann Ísleifsson til Færeyja til að koma á samstarfi við Trónd Leivsson, sem þá var nýskipaður skógræktarstjóri eyjanna. Frá þeim tíma hefur rannsóknastöðin átt afar náið og gott samstarf við Skógrökt landsins í Færeyjum, svo sem með þátttöku beggja aðila í verkefninu AFFORNORD, samnorrænu rannsóknaverkefni á áhrifum nýskógræktar á líffræðilegan fjölbreytileika og byggðapróun á Norðurlöndunum. Rannsóknastöð

skógræktar, Mógilsá hefur frá árinu 1989 stundað rannsóknir á trjárækt í Vestmannaeyjum og tengst þeim rannsóknum sem þar hafa verið stundaðar á áhrifum særöks á trjágróður. Rannsóknastöðin væntir mikils af samstarfi við væntanlegt trjáræktarsetur sjávarbyggða.

---

Dr. Aðalsteinn Sigurgeirsson,  
forstöðumaður